



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd. 2. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðarvegi 6, mánudaginn 29. nóvember 2010 kl 13:30.

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson og Halldór Árnason. Einnig mættir fjallskilastjórar: Birgir Hauksson og Daði Lange.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Uppgjör fjallskila.

Einungis 2 akstursdagbækur komnar inn. 3 reikningar, 1 vegna flugs.

Göngur tókust ljómandi, heilt yfir. Endurskoða þarf þó tilhögun eftirleita, meðal annars til að gera raunkostnað við þær skýrari. Menn haldi nákvæmari skrá um dagsverk í göngum og eftirleitum. Rætt var um hvernig skuli borga akstur í eftirleitum. Samþykkt að borga akstursreikninga utan reglulegra gangna.

Framkomnir reikningar fyrir 36.454 krónur til niðurjöfnunar. Fjöldi fjár á Austurafretti 1864, fjallskilasjóðsgjald á kind 20 kr ,girðingagjald á kind 190 krónur.

Spurning um að fjallskilastjórar haldi fund með gangnaforingjum til að fara yfir málin.

Einnig var rætt um Hlíðarrétt og tilraunir til að auðvelda dráttinn. Þá var rætt um beitarfyrirkomulag í henni. Ákveðið að réttin skuli ekki vera beitt eftir 15. ágúst ár hvert.

3. Bréf frá Kára Þorgrímssyni.

Daði upplýsti fundarmenn um að bréfið hefði verið tekið fyrir á fundi hjá landgræðslunni. Jóhann Þórsson hjá landgræðslunni svarar því bréfi Kára. Þess ber að geta að allar aðgerðir og skref sem tekin hafa verið í landgræðslumálum hafa verið í samstarfi sveitastjórnar og landgræðslunnar.

4. Atvinnumál.

Formaður veltir upp hugmyndum frá íbúafundi í febrúar.

Atvinnumálanefnd leggur til að boðuð verði á fund atvinnumálanefnd, sveitarstjórn, atvinnuþróunarfélagið og Hjörleifur Einarsson frá Háskólanum á Akureyri til að vinna upp úr þeim hugmyndum sem komu fram á íbúafundi til að glæða atvinnumál hér í sveit.

Einnig veltir formaður því upp hvort það sé grundvöllur fyrir því að byggja atvinnuhúsnæði á grunni Sniðils.
Atvinnumálanefnd leggur það til að byggt verði yfir þennan grunn.

5. Önnur mál.

Formaður kynnir drög að erindisbréfi atvinnumálanefndar.
Í lokin var Sólveig Erla kosin varaformaður og Ingibjörg ritari nefndarinnar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason